Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb.
-6. sep. 2010
10.4.2
Tilv.

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsstjóri uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. september 2010
Tilvísun: UST20100500009/ksj

**Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 - 2015. Tillaga að breytingu.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Hrunamannahrepps.

Í tillögunni felst að gatnakerfi Flúða vestan og sunnan flugvallar breytist, þ.e. vegurinn færist fjær flugbrautarenda. Lega Bræðratunguvegar færist talsvert til suðurs sunnan flugvallar, Hvítárholtsvegur (Selsvegur) tengist Bræðratunguvegi norðar en gildandi aðalskipulag sýnir og Bræðratunguvegur verður í beinu framhaldi af Skeiða- og Hrunamannaveg. Einnig tengist Skeiða- og Hrunamannavegur (efri) inn á Bræðratunguveg með svonefndum T-gatnamótum. Við þetta verður nokkur breyting á áætlaðri landnotkun aðliggjandi svæða, en í dag eru tún þar sem vegurinn mun fara um. Ofangreint svæði er ekki á náttúruminjaskrá. Á svæðinu eru ekki vistgerðir eða jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr.44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun